



## Viðbragðsáætlun vegna COVID-19 veirunnar

Markmið Háskólafélags Suðurlands, Birtu starfsendurhæfingar og Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi með þessari viðbragðsáætlun er að taka á óvissuþáttum er tengjast heimsfaraldri Covid-19 veirunnar. Markmið áætlunarinnar er að halda nauðsynlegri starfsemi ofangreindra fræðsluaðila gangandi við aðstæður (sem verða til) í kjölfartakmarkana af hálfu sóttvarnaryfirvalda. Starfsfólk fyrrgreindra fræðsluaðila mun fylgjast vel með stöðunni á degi hverjum og fylgja leiðbeiningum sóttvarnarlæknis í hvívetna.

### Starfsemi fræðslustofnana á hættustigi með takmörkunum í sóttvarnarskygni

Menntamálaráðuneytið hefur sent frá sér að eftirfarandi leiðbeiningar sem skulu gilda á hættuustigi þar sem takmörkunum, útgefnum af Heilbrigðisráðuneytinu, skal framfylgt :

*Hvaða sóttvarnaráðstafanir skal gera í skólum?*

1. Sameiginlega snertifleti þarf að þrifa og sótthreinsa a.m.k. daglega eða oftár eftir aðstæðum.
2. Sótthreinsa skal sameiginlegan búnað og snertifleti þegar nýr nemendahópur kemur í kennslustofu. Mælt er til að notaðir séu hanskar þegar margir nota sömu vélar og tæki.
3. Lögð skal áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir, s.s. handþvott og sótthreinsun.
4. Takmarka skal gestagang í skólum eins og kostur er. Brýna þarf fyrir gestum í skólunum að gæta ýtrustu varkárni og virða reglur um sóttvarnir.
5. Mælt er til þess að veggspjöld til áminningar séu hengd upp í skólabyggingum. (Sjá: <https://www.covid.is/veggspjold>).
6. Bent er á [upplýsingar fyrir starfsmenn bókasafna](#) sem nýtast ættu bæði í skólastofum og skólabókasöfnum.

*Hvaða nándarmörk eru í gildi?*

1. Nándarmörk í öllu húsnæði skóla/fræðsluaðila eru minnst 1 metri, s.s. í sameiginlegum rýmum, skrifstofum, mötuneytum, veitingasölu, íþróttahúsum og í bóklegum og verklegum kennslustofum. Jafnframt er þar átt við að nemendum, kennurum og starfsfólki beri að tryggja a.m.k. eins metra bil sín í milli í öllu skólastarfi.
2. Til að hægt sé að halda nándarmörk þarf að tryggja að of margir nemendur safnist ekki saman í sameiginlegum rýmum. Gangar eru eingöngu ferðarými á milli stofa.
3. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nándarreglunni, s.s. í verklegri kennslu, listkennslu og klínísku námi skal nota andlitsgrímu sem hylur munn og nef. Við þær aðstæður



- skal leitast við að bæði kennari og nemandi beri grímu. [Tryggja þarf rétta notkun andlitsgrímunnar](#), sbr. 2. mgr. 4. gr. auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
4. Nándarmörk taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.

### Vegna húsnæðis/aðstöðu í Fjölheimum

Húsnæðið í Fjölheimum hýsir bæði fræðslustarfsemi sem lýtur eins metra reglunni og ýmsa atvinnustarfsemi sem lýtur tveggja metra reglunni. Gerðar hafa verið eftirfarandi ráðstafanir vegna veirunnar í Fjölheimum.

- Eins metra reglan gildir almennt í fræðslustarfsemi í Fjölheimum, milli námsmanna, kennara og starfsmanna. Að öðru leyti gildir tveggja metra regla í húsinu.
- Upplýsingar um aukið hreinlæti/sóttvarnir eru vel sýnilegar og á þremur tungumálum.
- Handspritt er aðgengilegt um allt húsið; í öllum kennslustofum, salernum, opnum rýmum, skrifstofum og kaffistofum. Einnig er boðið upp á hanska víða um húsnæðið.
- Fræðsluaðilar bjóða starfsfólki sínu upp á grímur.
- Dagleg þrif hafa verið aukin í húsinu, m.a. með nýjum samningi við fyrirtækið Hreint, sem sér um þrif í Fjölheimum.
- Allir snertifletir í húsinu hafa verið kortlagðir og gerð hefur verið áætlun með hvaða hætti þeir skulu þrifnir að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Námsmenn og kennarar munu verða hvattir og studdir til þess að viðhalda eigin sóttvörnum og hjálpa til við að sótthreinsa í kringum sig.
- Gerðar hafa verið umgengnisreglur sem gilda um mismunandi svæði hússins.

### Viðbrögð við smiti hjá fræðsluaðila í Fjölheimum

- a) Komi til þess að einn eða fleiri starfsmenn hjá fræðsluaðila smitist af veirunni annars staðar en í Fjölheimum eða þurfi að fara í sóttkví verður reynt eftir fremsta megni að halda starfseminni gangandi. Starfsfólk fræðsluaðila á þess kost að geta unnið heiman frá sér, eins og aðstæður og ástand viðkomandi leyfa. Eftir atvikum getur námskeið sem viðkomandi verkefnastjóri kann að stýra verið felld niður. Skoðuð verða úrræði til



- að koma í veg fyrir slíkt. Það sama á við um námsráðgjafa og stjórnanda; þeir reyna eftir megni að vinna heiman frá sér komi til smits hjá þeim.
- b) Ef kennarar sem starfa sem verktakar hjá fræðsluaðila eru settir í sóttkví er reynt að gera ráðstafanir með að viðkomandi geti kennt áfram í gegnum fjarkennslubúnað. Ef kennari veikist af veirunni þá er námskeiði frestað eða eftir atvikum fellt niður.
  - c) Þurfi nemandi eða hópur nemenda í sóttkví, skal reynt að gera þeim kleift að halda áfram námi sínu í gegnum fjarkennslubúnað eða námi þeirra frestað þar til aðstæður hafa batnað. Leyfa?
  - d) Sé nemandi eða nemendahópur kvíðinn varðandi framhald náms skulu starfsmenn fara yfir málin með viðkomandi og vera upplýsandi, lausnamiðaðir og róandi í viðbrögðum sínum.
  - e) Veikist (smitist) nemandi og þurfi að draga sig úr námi vegna þess, skal í hvívetna farið eftir ráðleggingum sóttvarnarlæknis um hugsanlegar takmarkanir og umgengni annarra í kjölfarið. Reynt skal eins og hægt er að viðkomandi geti síðar haldið áfram námi eða lokið námi.
  - f) Komi til lokunar húsnæðis (samkomubanns) senda fræðsluaðilar þegar í stað út bréf til námsmanna þar sem fram kemur hvort eða með hvaða hætti fræðslu verður framhaldið. Upplýsingar meðan á samkomubanni stendur eru mikilvægar svo og upplýsingar um með hvaða hætti starfseminni verður fram haldið.

### Samskiptaleiðir

Hægt er að senda fyrirspurnir og ábendingar varðandi faraldurinn til fræðsluaðilanna eftir eftirfarandi leiðum:

Fræðslunetið, netfangið: [fraedslunet@fraedslunet.is](mailto:fraedslunet@fraedslunet.is) Símsvörun er í síma 560 2030.

Háskólafélagið, netfangið: [hfsu@hfsu.is](mailto:hfsu@hfsu.is). Símsvörun er í síma 560 2040/897 2814.

Birta, netfangið [birtastarfs@birtastarfs.is](mailto:birtastarfs@birtastarfs.is) Símsvörun í síma 560 2045

### Ábyrgðaraðilar

Eyjólfur Sturlaugsson Fræðslunetinu símenntun á Suðurlandi

Sandra Guðmundsdóttir Birtu starfsendurhæfingu

Sigurður Sigursveinsson Háskólafélagi Suðurlands

*Síðast uppfært 19.08.2020*